

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/87

frá 20. nóvember 2009

um breytingu á ákvörðun 2005/176/EB um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun 82/894/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 9007)

(2009/847/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember
1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins ⁽¹⁾,
einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 82/894/EBE varðar tilkynningar um uppkomu dýrasjúkdómanna skráða í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB ⁽²⁾ er mælt fyrir um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun 82/894/EBE. Í 1. lið X. viðauka við þessa ákvörðun er skrá yfir kóða fyrir dýralæknaumdæmi í Þýskalandi.
- 3) Þýskaland hefur breytt heitum og mörkum dýralæknaumdæma sinna. Breytingin á þessum svæðum hefur áhrif á tilkynningarkerfið fyrir dýrasjúkdóma. Því skulu nýju svæðin koma í stað þeirra svæða sem nú eru í tilkynningakerfinu fyrir dýrasjúkdóma. Því er rétt að breyta 1. lið X. viðauka ákvörðunar nr. 2005/176/EB til samræmis við það.

- 4) Því ber að breyta ákvörðun 2005/176/EB til samræmis við það.
- 5) Með tilliti til trúnaðarkvaðar á þeim upplýsingum, sem eru sendar, skal ekki birta viðaukana við þessa ákvörðun í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. liðar X. viðauka við ákvörðun 2005/176/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 307, 21.11.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjútíð. L 378, 31.12.1982, bls. 58

⁽²⁾ Stjútíð. L 59, 5.3.2005, bls. 40